

Raforkuspá 2021 – 2060

Endurreikningur á spá frá 2020
út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

Orkuspárnefnd



Október
2021

Raforkuspá 2021 – 2060

Endurreikningur á spá frá 2020
út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

Orkuspárnefnd

Orkustofnun

Október
2021

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Heimasíða: www.os.is/
Umsjón útgáfu: Baldur Pétursson, Orkustofnun

Verkefnisstjóri.
Rán Jónsdóttir, Orkustofnun

Raforkuhópur Orkuspárnefndar

Landsnet:	Sverrir Jan Norðfjörð, formaður
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson
Orkustofnun:	Rán Jónsdóttir
RARIK:	Pétur Þórðarson
Samorka:	Baldur Dýrfjörð
Veitur:	Jóhannes Þorleiksson
Starfsmaður raforkuhóps:	Ingvar Júlíus Baldursson, EFLA verkfræðistofa

Vinnslu efnis og frágang texta annaðist EFLA verkfræðistofa.

OS-2021-01
ISBN 978-9979-68-578-4

Október 2021

Efnisyfirlit

1	HELSTU NIÐURSTÖÐUR	6
2	FORSENDUR OG RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2020.....	9
2.1	RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2020.....	9
2.2	FORSENDUR	12
3	ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN	19
4	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2020.....	30
5	SVIÐSMYNDIR UM RAFORKUNOTKUN 2021-2060	34
5.1	LÝSING Á SVIÐSMYNDUM.....	34
5.1.1	<i>Sviðsmynd 1 – Hægar framfarir</i>	<i>35</i>
5.1.2	<i>Sviðsmynd 2 – Græn framtíð</i>	<i>35</i>
5.1.3	<i>Sviðsmynd 3 – Aukin stórnokun</i>	<i>37</i>
5.2	NIÐURSTÖÐUR SVIÐSMYNDNA	39
	RITASKRÁ.....	42
	VIÐAUKI 1 RAFORKUVINNSLA ÁRSINS 2020 GREIND NIÐUR Á VINNSLUFYRIRTÆKI OG MÁNUÐI.....	44
	VIÐAUKI 2 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2020 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR.....	48
	VIÐAUKI 3 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2020 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA.....	54
	VIÐAUKI 4 NOTKUN SKIPT NIÐUR Á AFHENDINGARSTAÐI FRÁ FLUTNINGSKERFINU	60
	VIÐAUKI 5 AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 2020.....	76
	VIÐAUKI 6 MÖTUN INN Á OG ÚT AF FLUTNINGSKERFINU (KERFI LANDSNETS) ÁRIN 2005-2025	96

Töfluskra

TAFLA 2.1 ÚTTEKT FRÁ DREIFIKERFINU ÁN DREIFITAPA EFTIR LANDSHLUTUM, BREYTING MILLI ÁRANNA 2019 OG 2020.....	12
TAFLA 2.2 HAGVAXTARSPÁR HAGSTOFU ÍSLANDS, SEDLABANKANS, LANDSBANKA, ÍSLANDBANKA OG ARION BANKA.	13
TAFLA 2.3 NÝSKRÁNING FÓLKSBIFREIÐA ÁRIN 2014-2021, (SAMGÖNGUSTOFA, 2021).	16
TAFLA 2.4 NÝSKRÁNING SENDIFERÐABIFREIÐA ÁRIN 2014-2021, (SAMGÖNGUSTOFA, 2021).	16
TAFLA 3.1 ÚTTEKT FRÁ FLUTNINGSKERFINU NÆSTU ÁRIN (*RAUNTÖLUR).	20
TAFLA 3.2 SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEG ORKA. ALMENN NOTKUN AÐ MEÐTÖLDUM DREIFITÖPUM OG NÚVERANDI OG SAMÞYKKTIR NÝIR STÓRNOTENDUR (*RAUNTÖLUR).	20
TAFLA 3.3 SPÁ UM ALMENNA NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR).	21
TAFLA 3.4 SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ FLUTNINGSKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR).	22
TAFLA 3.5 SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER BEINT FRÁ VIRKJUNUM GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR).	23
TAFLA 3.6 SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, SKERÐANLEG ORKA (*RAUNTÖLUR).	24
TAFLA 3.7 SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA (*RAUNTÖLUR).	25
TAFLA 3.8 SPÁ UM RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	26
TAFLA 3.9 SPÁ UM RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, SKERÐANLEG ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	27
TAFLA 3.10 SPÁ UM NOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	28
TAFLA 4.1 BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SPÁNNI 2020, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR).	30
TAFLA 4.2 BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SPÁNNI 2020, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEGUR FLUTNINGUR (*RAUNTÖLUR).	31
TAFLA 4.3 BREYTING Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFKERFINU MEÐ DREIFITÖPUM FRÁ SPÁNNI 2020, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEGUR FLUTNINGUR, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	32
TAFLA 4.4 BREYTING Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN SEM AFHENT ER FRÁ DREIFIKERFINU FRÁ SPÁNNI 2020, FORGANGSORKA OG SKERÐANLEGUR FLUTNINGUR, GREIND NIÐUR Á FLOKKA (*RAUNTÖLUR). ...	33
TAFLA 5.1 FORSENDUR <i>HÆGRA FRAMFARA</i> , RAFORKUSPÁ, <i>GRÆNNAR FRAMTÍÐAR</i> OG <i>AUKINNAR STÓRNOTKUNAR</i> (EINUNGIS ERU SÝNDAR ÞÆR FORSENDUR SEM BREYTT ER FRÁ AÐALSPÁNNI).....	38

Myndaskrá

MYND 2.1	RAFORKUVINNSLA, BREYTING NOTKUNAR MILLI ÁRANNA 2019 OG 2020.....	9
MYND 2.2	STÓRNOTKUN, BREYTING MILLI ÁRANNA 2019 OG 2020.	10
MYND 2.3	ÚTTEKT FRÁ DREIFIKERFINU EFTIR NOTKUNARHÓPUM, BREYTING MILLI ÁRANNA 2019 OG 2020. 10	
MYND 2.4	NOTKUNARHÓPUR ÞJÓNUSTA, FYRIR UTAN STÓRNOTKUN, BREYTING MILLI ÁRANNA 2019 OG 2020. 11	
MYND 2.5	ÚTTEKT FRÁ DREIFIKERFINU ÁN DREIFITAPA EFTIR LANDSHLUTUM, BREYTING MILLI ÁRANNA 2019 OG 2020.	12
MYND 2.6	SPÁ UM MANNFJÖLDA (HAGSTOFA ÍSLANDS, 2021).....	13
MYND 2.7	MEÐALNOTKUN Á HEIMILI ÁRIN 2001-2020.	15
MYND 2.8	SPÁ UM HLUTFALL NÝORKUBÍLA AF NÝSKRÁNINGU BIFREIÐA Á ÁRUNUM 2021–2060 OG RAUNTÖLUR ÁRANNA 2015-2020.....	17
MYND 2.9	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN RAFBÍLA OG LESTA Á ÁRIN 2021–2060.	17
MYND 2.10	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN GAGNAVERA, SEM FÁ ORKU BEINT FRÁ FLUTNINGSKERFINU, ÁRIN 2021-2030 OG RAUNTÖLUR ÁRANNA 2011–2020.	18
MYND 3.1	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, TÍMABILÐ 2021–2060 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2020.....	29
MYND 3.2	AUKNING ALMENNRAR RAFORKUNOTKUNAR, FORGANGS- OG SKERÐANLEG ORKA, ÁRIN 2021– 2060 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2021 (LEIÐRÉTT FYRIR HITASTIG).....	29
MYND 5.1	ÁHERSLUR Á UMhverfismál og Hagvöxtur í sviðsmyndum.	34
MYND 5.2	ÞRÓUN NÝSKRÁNINGA RAFDRIFINNA FÓLKSBIFREIÐA Í MISMUNANDI SVIÐSMYNDUM OG RAFORKUSPÁ.	35
MYND 5.3	ÞRÓUN NÝSKRÁNINGA VÖRUBÍLA SEM NÝTA NÝORKU Í MISMUNANDI SVIÐSMYNDUM.	36
MYND 5.4	AFLÞÖRF STÓRNOTENDA TIL OG MEÐ 2020 OG FORSENDUR UM ÁFRAMHALDANDI VÖXT Í AFLÞÖRF STÓRNOTENDA.	37
MYND 5.5	SPÁ UM RAFORKUVINNSLU SKV. SVIÐSMYNDUM. FORGANGSORKA INN Á VEITUKERFI DREIFIVEITNA OG TÖP VIÐ FLUTNING ORKUNNAR AUK ORKU SEM AFHENT ER VIÐ VIRKJANIR.....	39
MYND 5.6	HEILDARORKA SAMKVÆMT SVIÐSMYNDUNUM, ALMENN NOTKUN ÁSAMT STÓRNOTKUN.....	40
MYND 5.7	HEILDARAFLÞÖRF SAMKVÆMT SVIÐSMYNDUM.....	41

1 Helstu niðurstöður

Í skýrslunni er fjallað um raforkunotkun fram til ársins 2060. Hún er unnin á vegum Orkuspárnefndar og er endurreikningur á spá frá 2020 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.

Spáin byggir m.a. á forsendum um mannfjölda, fjölda heimila, landsframleiðslu og framleiðslu einstakra atvinnugreina. Notkuninni er skipt niður í sex meginnotkunarflokka auk dreifi- og flutningstapa. Henni er einnig skipt eftir því frá hvaða kerfishluta orkan er afhent, þ.e. beint frá virkjun, frá flutningskerfinu eða frá dreifikerfum, og auk þess eftir tegund afhendingar þar sem um er að ræða forgangsorku eða orku með skerðanlegum flutningi. Notkun frá flutningskerfinu (stórnotendur sbr. skilgreiningu raforkulaga) er einungis tekin með í spána sem sú orka sem fram kemur í þegar gerðum samningum og eru án allra fyrirvara um afhendingu.

- Raforkuhópur Orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 2020, og uppfært hana með nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar). Raforkuvinnsla á landinu árið 2020 var alls 19.127 GWh eða 40 GWh minni en spáin frá 2020 gerði ráð fyrir og heildarálag á kerfið var 85 MW minna en áætlað var. Stafar þetta frávík af minni notkun stórnotenda um 17 GWh og flutningstöp eru hlutfallslega minni, um 21 GWh en gert var ráð fyrir í lok árs 2020. Ef miðað er við þarsíðustu heildarendurskoðun þ.e. Raforkuspá 2015 er notkunin minni um 1.430 GWh og heildarálag á kerfið var 183 MW minna árið 2020 en áætlað var þá. Stafar þetta frávík af minni notkun stórnotenda um 990 GWh og minni almennri notkun um 360 GWh auk þess sem flutningstöp eru hlutfallslega minni en gert var ráð fyrir í Raforkuspá 2015.
- Heildarnotkun raforku náði hámarki árið 2018 og var þá 19.495 GWh í orku og 2.520 MW í afl. Síðustu tvö ár hefur raforkunotkun aftur á móti dregist saman um alls 710 GWh eða 110 MW.
- Notkun stórnotenda árið 2020 var 14.873 GWh og dróst hún saman um 315 GWh, eða 2,1%, frá árinu 2019. Gagnaver drógu úr notkun sinni um 162 GWh, álverin um 118 GWh og hjá kísilverum og í öðrum iðnaði varð samdráttur um 34 GWh, þar undir er PCC Bakki sem gerði hlé á starfsemi sinni um mitt ár 2020.
- Orkunotkun dreifiveitna (úttekt frá dreifikerfinu) var 3.474 GWh á árinu 2020 og dregst saman um 27 GWh (0,8%) frá árinu 2019. Dreifveitur nota um 18% af raforkuvinnslu landsins.
- Úttekt frá vinnslufyrirtækjum var 470 GWh árið 2020 og dregst saman um 7 GWh (1,5%) frá árinu 2019.
- Flutningstöp voru 353 GWh og minnkuðu um 13 GWh eða 3,5% milli ára.
- Mesta aflþörf raforkukerfisins árið 2020 var þann 3. mars milli klukkan 10 og 11 og var þá meðalálag á orkuver kerfisins 2.408 MW og hafði dregist saman um 87 MW frá aflþörf ársins 2019. Aflþörf dreifiveitna var mest 3. desember milli klukkan 18 og 19 um 597 MW, úttekt frá flutningskerfinu var mest 1.791 MW þann 1. febrúar milli klukkan 11 og 12, þörf vinnslufyrirtækja var mest 95 MW og töp í flutningskerfinu námu 61 MW. Sjá nánar í viðauka 5, töflu 4 og 5 og mynd V5.10 á bls. 85.
- Áhrif Covid-19 má sjá í því að notkun heimila eykst á meðan notkun í þjónustu minnkar. Á heildina litið eru áhrif Covid-19 á almenna raforkunotkun óveruleg. Minni raforkunotkun stórnotenda má að einhverju leyti skýra sem áhrif frá Covid-19, þar sem minni eftirspurn var á vörum og þjónustu fyrirtækjanna.
- Eins og áður hefur gerst þá hafa gagnaver færst frá dreifikerfinu yfir til flutningskerfisins, en á síðasta ári er þessi notkun fyrirtækjanna sem færðust á árinu 2020 metin um 300 GWh. Notendur sem áður voru viðskiptavinir hjá HS Veitum, RARIK og Veitum færast til Landsnets. Í Raforkuspánni má sjá þetta í því að notkun viðskiptavina dreifiveitna er skilgreind sem stórnotandi með tilheyrandi skekkju í spá fyrir almennan markað.
- Samkvæmt þessari spá mun almenn notkun sem afhent er frá dreifikerfinu aukast um 30% fram til ársins 2030 og um 110% alls til ársins 2060 og eru dreifitöp þar meðtalin. Árleg aukning þessarar notkunar er 1,9% að meðaltali næstu 40 árin.
- Áætluð heildarorkunotkun (forgangs- og skerðanleg notkun) sem afhent er frá dreifikerfinu hefur við þennan endurreikning aukist frá því sem fram kemur í spánni frá 2020 um 570 GWh fram til

ársins 2060, sjá töflu 4.3 á bls. 31. Notkunin eykst mest í þjónustu allt spátímabilið, síðan hjá heimilum á árunum 2026 til 2060.

- Í endurreikningi er notuð mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá janúar 2021, hún gerir ráð fyrir meiri fólksfjölda en miðað er við í spánni frá 2020. Munurinn er um 20.000 manns árið 2030 og við lok tímabilsins árið 2060 er munurinn aðeins minni eða 10.000 manns frá spánni í ár og spánni í fyrra. Meiri fólksfjöldi eykur raforkunotkun heimila og atvinnulífs.
- Gert er ráð fyrir að umtalsverð orkuskipti eigi sér stað á spátímabilinu, fyrst og fremst í samgöngum svo sem að fólksbifreiðar verði að stórum hluta rafknúnar og síðan taki við sendibifreiðar, vörubifreiðar og hópferðabifreiðar, ferjur, skip og annað. Í þessari raforkuspá er gert ráð fyrir raforkuþörf vegna beinnar raforkunotkunar vegna orkuskipta. Líkt og áður er ekki gert ráð fyrir raforkuþörf vegna framleiðslu á rafeldsneyti, sem mun koma í stað notkunar á jarðefnaeldsneyti. Það skýrist helst af óvissu um hvaða tegund rafeldsneytis verður ríkjandi, hvort það verði innflutt eða framleitt innanlands og hver raforkuþörfin til framleiðslu rafeldsneytisins verður, verði það framleitt innanlands. Vinna er hafin við endurskoðun forsenda vegna orkuskipta fyrir næstu útgáfu raforkuspár.
- Einnig er ýmsum öðrum forsendum spálíkansins breytt í samræmi við nýjar rauntölur og þjóðhagsspár.

Reiknaður eru þrjár sviðsmyndir *Hægar framfarir*, *Græn framtíð* og *Aukin stórnotkun*. Í forsendum sviðsmynda er tekið mið af forsendum sviðsmynda í Raforkuspá 2020-2060. Sviðmyndin *Græn framtíð* miðast við að helstu markmiðum stjórnvalda varðandi loftslagsmálum náist.

- Í sviðsmyndinni *Hægar framfarir* er gert ráð fyrir minni hagvexti en í Raforkuspá auk þess sem miðað er við forsendur sem leiða til minni áherslu á umhverfismál og orkuskipti. Þessi mynd sýnir hægari vöxt almennrar raforkunotkunar en í Raforkuspá eða að meðaltali 1,1% árlegan vöxt en í Raforkuspá er hann um 1,8% að meðaltali á ári. Almenna notkunin eykst um 55% og verður um 5.400 GWh árið 2060 en í Raforkuspá er aukningin um 104% og notkunin orðin um 7.100 GWh.
- Í sviðsmyndinni *Grænni framtíð* er gert ráð fyrir meiri hagvexti en í Raforkuspá. Forsendum er breytt á þann hátt að helstu markmiðum stjórnvalda þegar kemur að loftslagsmálum náist. Er þar horft til Aðgerðaráætlunar um orkuskipti, Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til 2030, lögfest frumvarp um kolefnishlutleysi árið 2040 og Orkustefnu fyrir Ísland til 2050. Vega þar þyngst markmið um að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti árið 2050. Orkuskipti ganga mun hraðar fyrir sig í sviðsmyndinni *Grænni framtíð* en í Raforkuspá og er árlegur vöxtur almennrar raforkunotkunar í þessari sviðsmynd um 2,4%. Almenna notkunin eykst um 160% og verður um 8.900 GWh árið 2060.
- Til þess að ná markmiði um að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti verður millilandaflog að færast yfir á annan orkugjafa en jarðefnaeldsneyti. Ekki er augljóst í dag hvaða orkugjafi verður fyrir valinu. Ef Ísland á að verða laust við þotuelsneyti undir lok spátímans mun orkuþörf aukast enn frekar í sviðsmyndinni *Græn framtíð*.
- Í sviðsmyndinni *Aukin stórnotkun* er byggt á forsendum *Raforkuspár*, en gert er ráð fyrir aukinni stórnotkun raforku. Til að setja fram dæmi um mögulega þróun stórnotkunar er horft á tímabilið frá 2008 til 2021 og notast við mat á aukningunni á því tímabili sem er 33 MW á ári. Samkvæmt þessari forsendu verður aflþörf stórnotenda orðin um 3.200 MW árið 2060 og samanlögð orkuþörf almenna markaðarins og stórnotenda um 36.100 GWh en er í *Raforkuspá* um 24.600 GWh.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 2020. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 2020 greind niður á notkunarflokkum og dreifiveitur. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokkum og landshluta. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á afhendingarstaði frá flutningskerfinu. Birtar eru þrjár töflur um raforkunotkun það er fyrir heildarorku, forgangsortku og skerðanlega orku. Fyrir aflþörf eru birtar töflur fyrir heildar afl og forgangsafl, annars vegar þegar mesta álag er á hverja stöð (tími mesta álags er mismunandi eftir stöðvum og er hann fyrir árið 2020 sýndur í töflum 13 og 15 í viðauka 5, þessi afloattur segir til um aflþörf viðkomandi stöðvar) og hins vegar eru töflur um álag á stöðvar á þeim tíma þegar álag er mest á kerfið í heild. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 2020 í viðauka 5. Viðauki 6 birtir upplýsingar um mötun inn og út af flutningskerfinu og í viðauka 7 er sýnd raforkunotkun á veitusvæðum dreifiveitna síðustu fimm ár.

Þegar verið var að ganga frá gerð skýrslunnar komu fréttir sem tengjast raforkunotkun á næstu árum, sem ekki eru teknar með beinum hætti inn í spána, en vert er að nefna:

- Landsvirkjun ásamt hafnaryfirvöldum í Rotterdam eru með í undirbúningi að framleiða vetni með rafgreiningu og flytja það til Rotterdam, vetninu verður breytt í vökva eða í annað form. Hér gæti orkunotkun verið á bilinu 2-4 TWh eða 200-400 MW í afli, sem gæti orðið að veruleika fyrir árið 2030. Niðurstaða rannsókna er að vænta seinni hluta ársins 2022 (Landsvirkjun, 2021). Þessi notkun myndi teljast sem stórnotandi og mun hún verða tekin með í spána þegar gerðir samningar liggja fyrir.
- Landsvirkjun, Carbon Recycling International, Elkem á Íslandi og Þróunarfélag Grundartanga tilkynntu 11. júní, samstarf um skoðun á framleiðslu á grænu metanóli. Framleiðslan myndi nýta endurnýjanlega raforku Landsvirkjunar, framleiðslutækni Carbon Recycling International og glatvarma ásamt koldíoxíði sem fangað yrði úr kísilveri Elkem á Grundartanga, (Landsvirkjun, 2021a). Verður þessi framleiðsla tekin með í spána þegar samningar um raforkunotkun liggja fyrir.
- Samherji fiskeldi og HS Orka undirrituðu samning vegna landeldis í Auðlindagarði á Reykjanesi, þar sem fyrirhugað er byggja allt að 40 þúsund tonna landeldi á laxi í þremur áföngum á næstu 11 árum, (Samherji, 2021). Í Almennum forsendum orkuspáa er fjallað um uppbyggingu í fiskeldi. Þegar þær verða endurskoðaðar að nýju verður þessi uppbygging metin með i forsendum um fiskeldi.

Skýrslan er einnig birt á vef orkuspárnefndar/Orkustofnunar, sjá www.orkustofnun.is og www.orkuspa.is.

2 Forsendur og raforkunotkun ársins 2020


Í kafla 2.2 er fjallað um breytingar á orkuspárlíkaninu frá Raforkuspá 2020 sem kom út í lok síðasta árs. Í kafla 2.1 er farið yfir helstu breytingar á raforkunotkun milli árana 2019 og 2020. Einnig er lagt mat á áhrif heimsfaraldursins af völdum Covid-19 á raforkunotkun á Íslandi.

2.1 Raforkunotkun ársins 2020


Raforkuvinnsla og þar með raforkunotkun á landinu var 19.127 GWh og dróst saman um 362 GWh frá árinu 2019, eða um -1,9%. Þessi samdráttur skipist niður á meginþætti (sjá mynd 1):

- Stórnotkun nam 14.831 GWh á árinu 2020 og minnkaði um 315 GWh eða 2,1% frá árinu áður. Hér er samdráttur hjá gagnaverum um 162 GWh, hjá álverum um 118 GWh og hjá kísilverum og hjá öðrum um 34 GWh. PCC Bakki gerði hlé á starfsemi sinni um mitt ár 2020. Þessi samdráttur hjá stórnotendum kemur væntanlega að hluta til vegna áhrifa frá Covid-19, þar sem breytingar urðu á eftirspurn á vörum og þjónustu sem fyrirtækin framleiða eða veita. Sjá mynd 2.2. Stórnotendur nota um 78% af raforkuvinnslu landsins. Ónýttir samningar stórnotenda á árinu 2020 voru tæp 1500 GWh.
- Orkunotkun dreifiveitna (úttekt frá dreifikerfinu) var 3.474 GWh á árinu 2020 og dregst saman um 27 GWh (0,8%) frá árinu 2019, sjá mynd 2.3. Dreifveitur nota um 18% af raforkuvinnslu landsins.
- Úttekt frá vinnslufyrirtækjum var 470 GWh árið 2020 og dregst saman um 7 GWh (1,5%) frá árinu 2019. Þetta stafar að hluta til af minni notkun Carbon Recycling International í Svartsengi.
- Töp við flutning orkunnar frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda voru 353 GWh og minnkuðu um 13 GWh eða 3,5% milli ára.


Þetta er annað árið í röð sem raforkuvinnsla í landinu dregst saman frá fyrra ári. Aldrei hefur verið framleitt meira rafmagn en árið 2018, eða 19.830 GWh.



Mynd 2.1 Raforkuvinnsla, breyting notkunar milli árana 2019 og 2020.



Mynd 2.2 Stórnótkun, breyting milli ára 2019 og 2020.




Mynd 2.3 Úttekt frá dreifikerfinu eftir notkunarhópum, breyting milli ára 2019 og 2020.

Breyting á úttekt frá dreifikerfinu (það er dreifing dreifiveitna) skýrist af (sjá mynd 2.3):

- Samdrætti í þjónustu um 88 GWh. Þar af eru 15 GWh vegna gagnavera sem færðust frá dreifiveitum til flutningskerfis bæði hjá RARIK og HS Veitum. Aðrir notkunarflokkar í þjónustu drógust saman um 73 GWh sem skýra má sem áhrif Covid-19 heimsfaraldursins.
- Heimilisnotkun jókst um 31 GWh eða 3,6%, sem gæti skýrst að einhverju leyti af Covid-19 þegar vinnuaðstaða starfandi fólks færir frá fyrirtækjum yfir á heimilin í auknum mæli, m.a. vegna fjöldatakmakanna. Hluti aukningarinnar er vegna nýrra rafbíla, um 1500 rafbílur og 400 tengiltvinnbílur bættust við á árinu 2020, og má áætla að ársnotkun þeirra sé um um 4 GWh.
- Aðrir notkunarhópar fyrir utan heimili og þjónustu hafa aukið notkun sína lítilsháttar eða um 8 GWh, aukning var í notkunarhópi fiskveiða um 6 GWh sem er aðallega vegna fiskeldis. Veitustarfsemi jókst um 8 GWh en á móti kemur samdráttur í iðnaði um 5 GWh og landbúnaði um 1 GWh.
- Dreifitöp og ómæld notkun jukust um 22 GWh.

Ef breyting í þjónustu er skoðuð nánar, sjá mynd 2.4, þá voru helstu breytingar milli ára eftirfarandi:

- Gagnaver, orka afhent frá flutningskerfinu í stað dreifikerfis, 15 GWh.
- Samgöngur, hótél og veitingastaðir drógust saman um 18 GWh, sem eru áhrif frá Covid-19 þar sem færri ferðamenn komu til landsins.
- Smásöluverslun dróst saman um 5 GWh, væntanlega áhrif frá Covid-19.
- Skólar, sundlaugar og íþróttahús drógust saman um 7 GWh, væntanlega áhrif frá Covid-19.
- Sjúkrahús og elliheimili juku notkun sína um 3 GWh, gætu verið áhrif frá Covid-19.
- Notkun rafknúinna farartækja jókst um 3 GWh, sem er vegna raforkunotkunar ferjunnar Herjólfss sem siglir til og frá Vestmannaeyjum frá Landeyjahöfn. Þetta atriði er talið með undir „Önnur þjónusta“ á mynd 2.4
- Aðrir notkunarflokkar í þjónustu drógust saman um 46 GWh. Á árinu 2020 leiðréttu Veitur skráningu í notkunarflokk 1670 „Önnur þjónusta og handið“ um tæpar 40 GWh, þessi notkun færðist að stærstum hluta yfir á aðra notkunarflokka í þjónustu.




Mynd 2.4 Notkunarhópur þjónusta, fyrir utan stórnotkun, breyting milli árunna 2019 og 2020.

Í töflu 2.1 sést breyting almennar notkunar eftir notkunarhópum og landshluta án stórnotkunar og dreifitapa. Notkun á höfuðborgarsvæðinu dróst mest saman, en aukning var á Suðurnesjum og Vestfjörðum.

Tafla 2.1 Úttekt frá dreifikerfinu án dreifitapa eftir landshlutum, breyting milli ára 2019 og 2020

Hópur	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh	Samtals GWh
Fiskveiðar	2,2	1,1	-0,3	0,7	0,7	0,1	1,9	6,3
Heimili	4,9	13,0	-1,3	2,9	1,5	6,2	3,6	30,8
Iðnaður	16,0	-3,9	-2,2	-2,9	-3,7	-3,9	-4,1	-4,7
Landbúnaður	0,0	2,2	-0,9	0,4	-1,1	0,1	-1,6	-0,9
Þjónusta	-12,5	-48,9	-3,7	0,4	-10,6	-2,9	-9,6	-87,8
Veitur	3,1	0,4	0,4	1,6	0,7	-2,4	3,7	7,6
Breyting milli ára	13,7	-36,1	-8,0	3,1	-12,5	-2,8	-6,1	-48,7



Mynd 2.5 Úttekt frá dreifikerfinu án dreifitapa eftir landshlutum, breyting milli ára 2019 og 2020.

Vegna áhrifa Covid-19 má áætla að notkun í þjónustu hafi dregist saman en á móti kemur að notkun heimila jókst. Ekki verður séð á þessum gögnum að Covid-19 hafi haft afgerandi áhrif á raforkunotkun á almennum markaði. Covid-19 virðist hafa áhrif á einstaka notkunarflokkum en samanlagt mælast áhrifin lítil. Að vísu geta áhrif Covid-19 haft áhrif að atvinnustarfsemi og þar með raforkunotkun og dregið úr fyrirhugaðri aukningu. Áhrif Covid-19 eru sýnilegri hjá stórnotendum (úttekt frá flutningskerfinu) en hjá almenningsveitum.

2.2 Forsendur

Inn í orkuspárlíkanið hafa verið sett ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar aðrar hagstærðir. Eftirtaldir breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinnar frá síðasta ári:


- 1) **Hagvöxtur:** Eins og fram kemur í Almennum forsendum orkuspáa 2021 gera spár helstu greiningaraðila ráð fyrir kröftugum viðsnúningi í efnahagslífinu næstu ár eftir samdrátt í kjölfar Covid-19. Gert er ráð fyrir mikilli aukningu í útflutningi á þjónustu þegar ferðapjónusta tekur við sér á nýjan leik, ásamt hóflegum vexti í neyslu og í fjárfestingum næstu ár.

Tafla 2.2 **Hagvaxtarspár Hagstofu Íslands, Seðlabankans, Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka.**

Ár	Hagstofa Íslands (mars 2021) %	Seðlabanki (Peningamál 2/2021) %	Landsbankinn (maí 2021) %	Íslandsbank (maí 2021) %	Arion (mars 2021) %
2021	2,6	3,1	4,9	2,7	3,3
2022	4,8	5,2	3,3	4,9	6,0
2023	3,8	2,3	2,2	2,9	4,3
2024	2,7				

Í raforkuspá 2021 er tekið mið af hagvaxtarspá Seðlabanka Íslands til næstu þriggja ára. Miðað er við 2,5% hagvöxt á ári til 2030 í samræmi við áætlaðan jafnvægishagvöxt en síðan er gert ráð fyrir að heldur hægi á hagvexti og hann verði kominn í 2% á árinu 2040. Nánari umfjöllun má finna í Almennum forsendum orkuspáa 2021.

- 2) **Mannfjöldi og fjöldi heimila:** Í þessum endurreikningi er notuð mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá janúar 2021, hún gerir ráð fyrir meiri fólksfjölda en miðað er við í spánni frá 2020. Munurinn er um 20.000 manns árið 2030 og við lok tímabilsins árið 2060 er munurinn aðeins minni eða 10.000 manns. Meiri fólksfjöldi eykur raforkunotkun heimila og atvinnulífs.



Mynd 2.6 **Spá um mannfjölda (Hagstofa Íslands, 2021).**

Mannfjöldaspá Hagstofu fyrir árin 2020-2069 var upphaflega gefin út í desember 2020 og síðan endurskoðuð í janúar 2021.

Forsendur og aðferðarfræði spárinnar eru í aðalatriðum þær sömu og síðustu ár. Hagstofa Íslands hefur framreiknað mannfjöldann fyrir tímabilið 2020-2069 á grundvelli tölfræðilíkana fyrir búferlaflutninga, frjósemi og dánartíðni. Gerð eru þrjú afbrigði af framreikningnum; miðspá, háspá og lágsþá. Spáafbrigðin byggja á mismunandi forsendum um hagvöxt til næstu fimm ára, frjósemishlutfalli og búferlaflutningum.

Í fólksfjöldaspánni er mesta óvissan í forsendunni um aðflutning og brottflutning fólks. Fjöldi aðfluttra verður hærri en fjöldi brottfluttra ár hvert samkvæmt öllum spáafbrigðum, fyrst og fremst vegna erlendra innflytjenda, er þetta breyting frá mannfjöldaspá fyrri ára. Íslenskir ríkisborgarar sem flytja frá landinu verða áfram fleiri en þeir sem flytja til landsins.

- 3) **Atvinnustarfsemi:** Nýjar rauntölur hafa verið settar inn varðandi atvinnustarfsemi í landinu þar sem slíkt liggur fyrir samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla til lengri tíma verði svipuð og miðað er við hjá Hagstofunni.


- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Húshitunarspá hefur verið endurreiknuð út frá rauntölum um raforkunotkun.

RARIK tók í rekstur hitaveitu á Höfn í Hornafirði á síðasta ári og þá voru tengd hús sem áður voru kynnt með vatni sem hitað var með rafmagni í kyndistöð. Í haust verða tengd hús sem ekki voru tengd við kyndistöð og er áætlað að 10 GWh í raforkunotkun færist frá rafkyndingu yfir á hitaveitu. RARIK hefur greint frá því að rekstrarforsendur kyntu hitaveitunnar á Seyðisfirði væru brostnar og hefur viljað að starfsemi hennar verði hætt. Forsendum er haldið óbreyttum, það er gert ráð fyrir að notkunin fari yfir á rafhitun hjá notenda og þá gjarnan með varmadælum, þó breytingar séu í biðstöðu.

Veitur eru að kanna hagkvæmni þess að setja upp miðlæga varmadælu á Grundarfirði. Rafhitun húsnæðis á svæðinu er um 16 GWh, sem myndi dragast saman með tilkomu varmadælu. Ekki eru gerðar breytingar spánni vegna þessa atriðis.

- 5) **Raforkunotkun heimila:** Á árinu 2020 var raforkunotkun heimila utan landbúnaðar 823 GWh sem er 31 GWh (3,6%) meiri notkun en árið áður og er notkun sumarbústaða innifalin í þessum tölum. Skýrist þessi breyting væntanlega af áhrifum frá Covid-19, en starfsemi fyrirtækja færðist að hluta til yfir á heimili landsmanna með aukinni heimavinnu.

Á mynd 2.3 kemur fram meðalraforkunotkun heimila. Notkun á heimili var árið 2020 að meðaltali 4,1 MWh/heimili sem er svipað og í fyrra og árið 2001.



Mynd 2.7 Meðalnotkun á heimili árin 2001-2020.

- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Raforkunotkun í landbúnaði var 230 GWh á árinu 2020 sem er 2 GWh (0,4%) minna en spáð var árið 2020 og stafar það aðallega af minni rafhitun. Raforkunotkun gróðurhúsa vegur þyngst og er um 84 GWh á árinu 2020. Forsendur eru óbreyttar í landbúnaði.
- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Raforkunotkun í iðnaði sem fær afhenta orku frá dreifikerfum var 735 GWh á árinu 2020 sem er 5 GWh (0,6%) minni notkun en árið áður.

Í byrjun maí var tekin skóflustunga á nýrri verksmiðju líftæknifyrirtækisins Algalíf á Ásbrú í Reykjanesbæ. Fyrirtækið rættar örpörunga í stýrðu umhverfi innanhúss með umhverfisvænum orkugjöfum. Úr þörungunum er unnið fæðubótaefnið astaxanthíni sem er notað í fæðubótaefni og snyrtivörur. Samkvæmt áætlunum mun framleiðslugeta Algalíf rúmlega þrefaldast með nýju verksmiðjunni og verða um rúm 5 tonn af astaxanthíni. Raforkuþörf fyrirtækis mun þá jafnframt aukast og verða um 10 MW, sem mun væntanlega leiða til þess að viðkomandi notandi mun færa sig frá dreifikerfinu (fær núna afhenda raforku frá HS Veitum) til flutningskerfisins (verða viðskiptavinur Landsnets) þegar fyrirtækið nær mörkum þess að teljast stórnotandi. Þessi tilfærsla er eins og hefur gerst hjá gagnaverum og veldur skekkju í spám vegna almenns markaðar.

- 8) **Raforkunotkun við þjónustustarfsemi:** Heildarnotkun í þjónustu á raforku sem afhent er frá dreifikerfum var á árinu 2020 alls 1.040 GWh sem er 88 GWh (7,8%) minni notkun en árið áður. Þjónustustarfseminni er skipt í sjö flokka, það eru Heild- og smásala, Fræðslustarfsemi og Tólmstund-, menningar- og íþróttastarfsemi og önnur félög, Samgöngur, Hótel og veitingastaðir, Opinber stjórnsýsla og varnarmál, Heilbrigðis- og félagsþjónusta auk Annarrar þjónustu. Notkun dróst saman í öllum flokkunum fyrir utan Heilbrigðisþjónustu.

Á árinu 2020 færðist hluti af notkun gagnavera á Suðurnesjum og á Norðurlandi Vestra sem tengjast annars vegar dreifikerfi HS Veitna og hins vegar RARIK yfir til flutningskerfis. Þessi tilfærsla er metin vera 15 GWh.

9) **Orkuskipti í samgöngum:** Nýjar rauntölur um rafbílavæðingu eru færðar í spálíkanið.

Samkvæmt upplýsingum af vef Samgöngustofu var hlutur hreinna rafbíla (EV) 24% í nýskráningum fólksbílfreiða á árinu 2020 og hlutur tengiltvinnbíla (PHEV) var 22%. Gert er ráð fyrir að tengiltvinnbílur noti til helminga raforku til móts við aðra orkugjafa (bensín eða dísel) og er reiknað með að þeir jafngildi 50% „ígildi rafbíla“ sem eingöngu eru knúnir áfram með rafmagni frá raforkukerfinu. Hlutfall rafbíla í nýskráðum fólksbílum verður þá 35% á árinu 2020 miðað við þetta ígildi. Hér er gert ráð fyrir að nýskráning rafmagnsbíla fyrir heimili og fyrirtæki nái 50% árið 2023 og hjá bílaleigum árið 2028. Ef skoðaðar eru tölur um nýskráningar sendiferðabíla var hlutfallið 3,9% árið 2020, og forsendur miðað við að 50% markið í nýskráningu náist árið 2031.

Tafla 2.3 **Nýskráning fólksbílfreiða árin 2014-2021, (Samgöngustofa, 2021).**

Ár	Rafmagnsbílar (EV) Fjöldi	Tengiltvinnbílar (PHEV) Fjöldi	Aðrir orkugjafar Fjöldi	Alls nýskráningar Fjöldi	Rafmagnsbílar (EV) %	Tengiltvinnbíll (PHEV) %	Aðrir orkugjafar %	Ígildi rafbíls EV + PHEV/2 %
2014	195	44	10.287	10.526	0,9	0,0	99,1	0,9
2015	385	170	14.676	15.231	1,9	1,0	97,1	2,4
2016	375	782	19.662	20.819	1,8	3,7	94,4	3,7
2017	845	2.184	22.849	25.878	3,3	8,4	88,3	7,5
2018	784	2.868	17.571	21.223	3,7	13,5	82,8	10,5
2019	1.090	1.959	10.582	13.631	8,0	14,4	77,6	15,2
2020	2.551	2.360	5.691	10.602	24,1	22,3	53,7	35,2
2021#	1.246	1.579	2.977	5.802	21,5	27,2	51,3	35,1

Ígildi rafbíls = Rafmagnsbílar (EV) + Tengiltvinnbílar (PHEV) / 2


Skráningar 1. janúar - 14. júní 2021

Tafla 2.4 **Nýskráning sendiferðabílfreiða árin 2014-2021, (Samgöngustofa, 2021).**


Ár	Rafmagnsbílar (EV) Fjöldi	Alls nýskráningar Fjöldi	Rafmagnsbílar (EV) %
2014	8	1.069	0,7
2015	10	1.721	0,6
2016	20	2.535	0,8
2017	30	2.888	1,0
2018	47	2.461	1,9
2019	60	1.812	3,3
2020	52	1.321	3,9
2021#	16	657	2,4

Skráningar 1. janúar - 31. maí 2021

Forsendum vegna orkuskipta í samgöngum er breytt á þann hátt að þeim er hraðað vegna hópferða- og vörubílfreiða miðað við spánna árið 2020. Hér er litið til áforma bílaframleiðenda að draga úr og jafnvel hætta framleiðslu á dísel- og bensín bílum fyrir árið 2050. Gert er ráð fyrir raforkuþörf vegna beinnar raforkunotkunar. Gert er ráð fyrir að allir nýskráðir fólksbílar, sendiferðabílar og hópferðabílar verði vistvænir þegar orkuskiptum er lokið, en þetta hlutfall var 90% áður fyrir fólks- og sendiferðabíla og 70% fyrir hópferðabílfreiða. Fyrir vörubílfreiðar var hlutfallinu breytt úr 50% í 90%. Þessi breyting ásamt breytingu á mannfjölda hefur þau áhrif að raforkunotkun í samgöngum á árinu 2060 eykst um 590 GWh frá fyrri spá.



Mynd 2.8 Spá um hlutfall nýorkubíla af nýskráningu bifreiða á árunum 2021–2060 og rauntölur árunum 2015–2020.



Mynd 2.9 Spá um raforkunotkun rafbíla og lesta á árin 2021–2060.

- 10) **Veitur:** Veitufyrirtækin notuðu 787 GWh á árinu 2020, og jókst notkun þeirra samtals um 8 GWh (2,5%) frá árinu 2019. Hér er um að ræða notkun hitaveitna, þar meðtaldar kyntar hitaveitur,


vatnsveitna og eigin notkun rafveitna að meðtöldum vinnslufyrirtækjum raforku sem notuðu 470 GWh.

- 11) **Fiskveiðar (áður Annað):** Notkun í fiskveiðum var 85 GWh árið 2020 sem er 6 GWh (8,0%) meiri notkun en árið áður. Í hópnum Fiskveiðar eru notkunarflokkarnir 109 Fiskirækt, 122 Fiskveiðar og 123 Sportveiðar. Hér er notkun í fiskeldi 75 GWh, með 7,6% aukningu milli ára.
- 12) **Flutnings- og dreifitöp:** Flutningstöp árið 2020 voru 353 GWh sem er um 1,9% af þeirri orku sem fer inn á flutningskerfið. Dreifitöp voru 187 GWh. Samtals flutnings- og dreifitöp á árinu 2020 voru 540 GWh, sem er 2,8% af heildar raforkuvinnslu landsins.
- 13) **Skerðanlegur flutningur og ótryggð orka:** Landsnet er með í gjaldskrá sinni taxa fyrir skerðanlegan flutning. Ef aðstæður eru erfiðar í flutningskerfinu er Landsneti heimilt að skerða flutning raforku til þeirra viðskiptavina sem eru á þessum samningum í samræmi við skilmála um skerðanlegan flutning. Skerðanleg orka fer að stærstum hluta til fiskimjölverksmiðja og kyntra veitna. Á árinu 2020 var skerðanlegur flutningur um 398 GWh, þar af notuðu fiskimjölverksmiðjur um 140 GWh og kyntar veitur um 134 GWh og önnur starfsemi í iðnaðar- og þjónustugreinum notaði um 124 GWh.
- 14) **Orkunotkun iðnfyrirtækja sem fá orku afhenta frá flutningskerfinu:** Úttekt endanlegra notenda frá flutningskerfinu var 14.003 GWh sem var 7 GWh undir þeim tölum sem gert var ráð fyrir í Raforkuspá 2020.

PCC Bakki gerði hlé á starfsemi sinni á síðasta ári. Uppstart á verksmiðjunni hófst aftur í apríl í ár, gert er ráð fyrir að verksmiðjan verður búin að nýta samninga sína á árinu 2022.

Álverð á heimsmarkaði hefur hækkað á árinu sem hvetur til aukinnar framleiðslu. Ef álverin nýta gerða samninga sína mun raforkunotkun þeirra aukast um 670 GWh (um 5%) miðað við notkun á árinu 2020.

- 15) **Orkunotkun fyrirtækja í þjónustu sem fá orku beint frá flutningskerfinu:** Nokkur uppbygging gagnavera hefur átt sér stað á undanförunum árum, núna er rafmagn afhent til þeirra á fimm stöðum. Þrjú fyrirtæki eru á Suðurnesjum það eru Verne, Atnorth (áður Advania) og Etix Fitjum, eitt í höfuðborginni það er Reykjavík Data Center og Etix á Blöndósi. Notkun þessar gagnavera á árinu 2020 var 828 GWh. Hér er gert ráð fyrir að notkun verði um 1250 GWh árið 2023.



Mynd 2.10 Spá um raforkunotkun gagnavera, sem fá orku beint frá flutningskerfinu, árin 2021-2030 og rauntölur árána 2011–2020.

3 Áætluð raforkunotkun

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 3.2 til 3.8 auk þess sem notkun stórnotenda samkvæmt þegar gerðum samningum er sýnd í töflu 3.1.

Rauntölur um raforkunotkun eru í töflunum hér að aftan einungis sýndar frá árinu 2020 en þeir sem vilja sjá tölur lengra aftur í tímann geta fundið þær í eldri raforkuspám Orkuspárnefndar. Tafla 3.2 sýnir notkunina á landinu næstu árin þar sem hún er greind í notkun sem afhent er frá dreifikerfinu ásamt dreifitöpum, notkun sem afhent er frá flutningskerfinu, flutningstöp og notkun sem afhent er beint frá virkjunum. Í þessum endurreikningi er miðað við að orka sem er með skerðanlegum flutningi hjá Landsneti teljist sem ótryggð orka.

Tafla 3.3 sýnir almenna notkun frá dreifikerfinu greinda niður á einstaka þætti og nær hún einungis til forgangsorku. Þar kemur fram að forgangsorka aukist um 5,5% árið 2021 frá árinu 2020 og 3,2% aukningu árið 2022 sem skýrist að hluta til af auknum hagvexti, þ.e. að atvinnulífið nái að taka við sér eftir Covid-19. Á árunum 2022 til 2030 er aukningin á bilinu 2,1% – 3,6%, sem stafar að hluta til að orkuskiptum í samgöngum. Þegar til lengri tíma er litið er búist við að notkunin aukist minna og verði á bilinu 1,5% - 2% á ári fram til ársins 2040 og aukningin minnki í framhaldinu og verði 1,2% í lok spátímabils.

Tafla 3.4 sýnir úttekt frá flutningskerfinu greinda niður á einstaka þætti. Tafla 3.5 sýnir úttekt frá vinnslufyrirtækjum greinda niður á einstaka þætti.

Tafla 3.6 sýnir notkun á skerðanlegri orku frá dreifikerfinu greinda niður á þætti. Engin skerðanlegur flutningur er í úttekt frá flutningskerfinu eða í úttekt frá vinnslufyrirtækjum.

Öll raforkunotkun sem afhent er frá dreifikerfinu er síðan greind niður á flokka í töflu 3.7. Almennri notkun frá dreifikerfinu, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 3.8 til 3.10 eftir því hvort um ræðir forgangsorku, skerðanlega orku eða orku alls.

Níu fyrirtæki fá afhenda raforku beint frá flutningskerfinu frá og með árinu 2021. Í töflu 3.1 sést samtals orkunotkun samkvæmt þegar gerðum orkusamningum fyrirtækja sem taka orku frá flutningskerfinu fram til ársins 2024. Heildarafli fyrirtækjanna er reiknað þannig að löggð er saman afllörð þeirra og síðan margfaldað með samlögunarstuðli sem er metinn vera 0,98 og er tekið mið af rauntölum undanfarna ára, í Raforkuspá 2020-2060 var miðað við samlögunarstuðul 0,985. Þessi aðferð var fyrst notuð í Endurreikningi raforkuspár 2009, en í eldri spám hefur hámarksafli fyrirtækjanna verið lagt saman sem gefur hærri tölu en raunin hefur orðið.

Heildarraforkunotkun á landinu skv. þessari spá er sýnd á mynd 3.1 og aukning notkunar er sýnd á mynd 3.2.

Tafla 3.1 Úttekt frá flutningskerfinu næstu árin (*Rauntölur).

ÁR	RTA		Elkem		Norðurál		Alcoa		TDK		PCC		Verne		Atnorth		Etix Fitjum		Etix		R.vík DC		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW+
2020*	2.914	357	929	131	4.626	549	4.832	573	521	72	181	56	111	14	412	67	70	9	235	31	0	1	14.831	1.791
2021	3.315	390	1.020	131	4.686	546	4.780	577	541	75	241	56	126	15	480	70	72	9	259	31	19	5	15.540	1.866
2022	3.315	390	1.020	131	4.687	546	4.962	577	541	75	447	56	168	20	560	70	80	10	259	31	61	9	16.099	1.876
2023	3.315	390	1.020	131	4.726	550	4.962	577	541	75	447	56	168	20	664	83	80	10	259	31	78	10	16.260	1.894
2024	3.315	390	1.020	131	4.792	556	4.962	577	541	75	447	56	168	20	664	83	80	10	259	31	78	10	16.326	1.900
2025	3.315	390	1.020	131	4.809	560	4.962	577	541	75	447	56	168	20	664	83	80	10	259	31	78	10	16.343	1.903

+ Samtals afl: Aflþörf einstakra fyrirtækja lögð saman og margfölduð með 0,98.

Tafla 3.2 Spá um raforkunotkun, forgangsorka og skerðanleg orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykktir nýir stórnotendur (*Rauntölur).

Ár	Úttekt frá dreifikerfinu forgangs- og skerðanleg orka með dreifitöpum		Úttekt frá flutningskerfinu		Flutningstöp		Úttekt frá vinnslu-fyrirtækjum		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2020*	3.474	597	14.831	1.791	353	61	470	72	19.127	2.408
2021	3.688	630	15.540	1.866	398	68	480	74	20.105	2.585
2022	3.786	648	16.099	1.876	416	70	490	75	20.792	2.615
2023	3.902	668	16.260	1.894	428	70	501	77	21.090	2.655
2024	3.992	684	16.326	1.900	436	71	511	79	21.265	2.679
2025	4.063	697	16.343	1.903	444	71	522	80	21.371	2.696
2030	4.532	781	16.343	1.903	482	71	546	84	21.903	2.783
2035	4.989	857	16.343	1.903	481	71	570	88	22.383	2.860
2040	5.405	924	16.343	1.903	479	70	596	92	22.824	2.930
2045	5.783	984	16.343	1.903	476	70	624	96	23.226	2.993
2050	6.207	1.052	16.343	1.903	474	70	653	100	23.677	3.063
2055	6.658	1.128	16.343	1.903	483	71	679	105	24.163	3.143
2060	7.072	1.199	16.343	1.903	492	72	707	109	24.614	3.218

Tafla 3.3

Spá um almenna notkun sem afhent er frá dreifikerfinu greind niður á flokka, forgangsorka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fisk- veiðar GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töþ GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2019*	360.497	848	235	470	1.125	146	79	2.902	162	3.065	-1,6	505
2020*	366.463	879	230	480	1.036	144	85	2.854	181	3.034	-1,0	508
2021	371.091	887	246	477	1.210	130	88	3.038	162	3.200	5,5	533
2022	376.966	907	240	483	1.283	133	90	3.136	167	3.303	3,2	550
2023	384.204	934	237	484	1.366	136	93	3.251	172	3.423	3,6	570
2024	391.674	960	234	487	1.423	139	98	3.341	175	3.516	2,7	586
2025	397.642	990	230	489	1.463	142	98	3.412	178	3.590	2,1	598
2030	406.225	1.169	203	503	1.674	149	109	3.806	192	3.997	2,8	666
2035	414.781	1.328	202	520	1.906	154	118	4.228	208	4.437	1,9	739
2040	421.879	1.437	200	540	2.155	160	125	4.618	224	4.842	2,1	807
2045	427.042	1.498	198	563	2.420	166	132	4.977	236	5.213	1,5	869
2050	430.999	1.536	196	582	2.758	172	137	5.381	250	5.632	1,6	939
2055	435.118	1.566	195	602	3.125	179	141	5.807	270	6.077	1,5	1.013
2060	439.643	1.583	195	622	3.472	184	144	6.200	288	6.488	1,2	1.081

Tafla 3.4 Spá um notkun sem afhent er frá flutningskerfinu greind niður á flokka, forgangsorka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fisk- veiðar GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2020*		0	0	14.003	828	0	0	14.831		14.831	-2,1	1.791
2021		0	0	14.583	956	0	0	15.540		15.540	4,8	1.866
2022		0	0	14.972	1.127	0	0	16.099		16.099	3,6	1.876
2023		0	0	15.011	1.249	0	0	16.260		16.260	1,0	1.894
2024		0	0	15.077	1.249	0	0	16.326		16.326	0,4	1.900
2025		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,1	1.903
2030		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903
2035		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903
2040		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903
2045		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903
2050		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903
2055		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903
2060		0	0	15.094	1.249	0	0	16.343		16.343	0,0	1.903

Tafla 3.5

Spá um notkun sem afhent er beint frá virkjunum greind niður á flokka, forgangsorka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðnaður GWh	Þjónusta GWh	Veitur GWh	Fisk- veiðar GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukning %	Aflþörf MW
2020*		0	0	0	0	470	0	470		470	-1,5	72
2021		0	0	0	0	480	0	480		480	2,1	74
2022		0	0	0	0	490	0	490		490	2,1	75
2023		0	0	0	0	500	0	501		501	2,1	77
2024		0	0	0	0	511	0	511		511	2,1	79
2025		0	0	0	0	522	0	522		522	2,0	80
2030		0	0	0	0	545	0	546		546	0,9	84
2035		0	0	0	0	570	0	570		570	0,9	88
2040		0	0	0	0	596	0	596		596	0,9	92
2045		0	0	0	0	624	0	624		624	0,9	96
2050		0	0	0	0	653	0	653		653	0,9	100
2055		0	0	0	0	679	0	679		679	0,8	105
2060		0	0	0	0	707	0	707		707	0,8	109

Tafla 3.6

